

Aðalstjórnarfundur UMFT

16. desember 2013

Mættir voru: Gunnar Þór, Magnús, Jón Dan, Bertína og Inga Huld

1. Almenningsíþróttadeild

Stofnuð hefur verðið ný deild innan Tindastóls, þ.e. almenningsíþróttadeildin hefur verið endurvakin og við formennsku tók Indriði Grétarsson, aðrir í stjórn deildarinnar eru Sigurður Ingi Ragnarsson og Yngvi Yngvason.

2. Íþróttamaður Skagafjarðar 2013

Komið er að vali íþróttamanns Skagafjarðar. Breytingar hafa orðið á fyrirkomulaginu og að þessu sinni er valinn íþróttamaður, þjálfari og lið. Boðað hefur verið til fundar þann 16. desember, þar sem leynileg kosning þeirra sem atkvæðisrétt hafa fer fram.

3. Íþróttamaður Tindastóls 2013

Boðað verður til formannafundar þann 19. desember. Formenn koma með tilnefningar til íþróttamanns Tindastóls 2013. Tilnefningar mega vera tvær frá hverri deild, ein fyrir hvort kynið. Formenn gera grein fyrir fyrir forsendum tilnefningarinnar og fara yfir afrek ársins. Leynilegar kosningar fara svo fram þar sem einn aðili frá hverri deild ásamt fulltrúum aðalstjórnar hafa atkvæðisrétt. Niðurstaðan verður ekki tilkynnt á fundinum.

4. Verðlaunaafhending afreksfólks UMSS og Tindastóls 2013

Föstudaginn 27. desember verður athöfn í Húsi frítímans þar sem UMSS og Tindastóll munu verðlauna sitt afreksfólk. Sjá nánar auglýsingu í næsta Sjónhorni.

5. Félagsgjöld

Félagsgjöld fyrir árið 2013 eru farin að skila sér. Sama fyrirkomulag er á innheimtu þeirra og síðasta ár. Valkrafa berst félagsmönnum í gegnum heimabanka. Krafan fellur sjálfkrafa niður efir 6 mánuði ef hún er ekki greidd. Athuga þarf kostnað við innheimtu félagsgjalda og mun Gunnar skoða það mál.

4. Önnur mál

N1 mun ekki endurnýja styrktarsamning sinn við félagið, en samningurinn er að renna út. Í kjölfarið mun aðalstjórn leita nýrra leiða til að fá nýja styrktarsamninga til félagsins.

Rútumál voru rædd á fundinum, Magnús greindi frá því að notkun á nýju rútunni væri mjög góð og rútan stæði undir sér fjárhagslega og vel það. Bertína ætlar að kanna hvernig aðrir bílar félagsins eru settir.

Fleira ekki gert, fundi slitið

Inga Huld Þórðardóttir, ritari